



# Ársskýrsla 2014



**STARFSMENNTASJÓÐUR**  
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

## Um ársskýrsluna

Apríl 2015

**Útgefandi:** Starfsmenntasjóður  
verslunar- og skrifstofufólks

**Ritstjórn og ábyrgð:** Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

**Hönnun og uppsetning:** Tómas Bolli

**Prenntun:** Oddi

## Stjórn og starfsmenn

Arndís Arnarsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Fríður Birna Stefánsdóttir, VR, hætti í stjórn í febrúar

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR, tók sæti í stjórn í febrúar

Lísbet Einarsdóttir, SA, formaður

Ólafur Finnbogason, SA

Teitur Lárusson, VR

Starfsmenn sjóðsins voru Selma Kristjánsdóttir og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Björg Sigurðardóttir hjá Deloitte.

Tólf stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

## Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna og styrkja aðildarfyrirtæki samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar starfsmanna auk kostunar námskeiðahalds og námsefnisgerðar. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,20% af launum félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

## Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfa við þau
4. Að hvetja félagsmenn til náms
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum

# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

## Yfirlit yfir starf ársins

Nýjar úthlutunarreglur sjóðsins tóku gildi um áramótin 2014. Innleiðing nýrra reglna setti mark sitt á starf sjóðsins á árinu 2014, en þá hófst tveggja ára aðlögunartímabil þar sem félagsmenn geta sótt um einstaklingsstyrki samkvæmt því kerfi sem hagnast þeim best. Nýjar reglur eiga að gera félagsmönnum með lægri laun kleift að vinna sér inn réttindi hraðar. Einnig er það von sjóðsins að nýju reglurnar hvetji félagsmenn til frekari þátttöku í símenntun. Þeir sem eiga mörg uppsöfnuð stig í sjóðnum fá tækifæri til þess að nýta þau til loka ársins 2015, en á sama tíma fá þeir félagsmenn sem hagnast meira á nýju reglunum tækifæri til þess að sækja um samkvæmt þeim.

Samkvæmt eldri reglum söfnuðu félagsmenn stigum eftir því hvað þeir höfðu í tekjur. Kerfið var því tekjutengt. Samkvæmt nýju reglunum fellur þetta stigakerfi úr gildi. Með nýju reglunum myndast réttindi í krónum eftir félagsgjaldi síðastliðna 12 mánuði og eru réttindi hlutfallsleg ef launahlutfall er lægra en 100%. Félagsmaður í fullu starfi getur fengið greiddan styrk að upphæð 90.000 kr. á ári. Hægt er að safna styrknum í þrjú ár og nýta þá 270.000 kr. fyrir eina samfellda námsleið. Ekki er hægt að safna upp umfram þá upphæð. Nýju reglurnar kveða á um að hægt sé að sækja um 75% af kostnaði við starfsnám en 50% af kostnaði við tómsundanám. Veittur styrkur til tómsundanáms er að hámarki 20.000 kr.

Reglubreytingin hefur haft þau áhrif að greiddir styrkir eru í fyrsta skipti síðan 2005 umfram greidd iðgjöld til sjóðsins. Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 337.905.754 árið 2014 en greiddir styrkir úr sjóðnum voru kr. 366.832.590 og eru því styrkir umfram iðgjöld kr. 28.926.836.

Greidd upphæð einstaklingsstyrkja allra aðildarféлага sjóðsins jókst um 76% frá árinu áður. Félagsmenn undir 34 ára aldri eru duglegastir að sækja um styrk. 90% úthlutaðra einstaklingsstyrkja eru vegna starfstengds náms; þar af eru 46% vegna háskólanáms en 35% vegna starfstengdra símenntunarnámskeiða sem gefa ekki einingar. Leiða má líkur að því að félagsmenn með lægri laun hafi aukið réttindi sín í sjóðinn með nýjum reglum, þar sem meðalupphæð styrks VR-féлага jókst um 44%, úr 29.418 kr. í 42.235 kr.

Haldið var erindi á ráðstefnu Félags viðurkenndra bókara á vormánuðum og nýjar reglur kynntar.

Greidd upphæð fyrirtækjastyrkja jókst um 46% frá 2013. Fjöldi fyrirtækjastyrkja jókst um 73% frá 2013 en hafði aukist um 50% árið þar á undan. Ástæður fyrir auknum fjölda fyrirtækjastyrkja kunna að vera margar, en starfsmenn hafa unnið markvisst að kynningu til fyrirtækja, sem hefur skilað árangri. Einnig skilaði fundaröð SA um starfsmenntun á haustmánuðum 2014 aukinni umræðu og meðvitund um starfsmenntasjóðina. Starfsmenn sjóðsins héldu stutt erindi og kynntu þjónustu sjóðsins á þremur fundum í fundaröðinni.


Haldið var áfram að vinna með innleiðingu stefnumótunar og í mars samþykkti stjórn uppfærða verkáætlun. Helstu verkefni sem unnið var með á árinu voru miðlægur gagnagrunnur fyrir sjóðinn, kynning og markaðssetning sérstaklega gagnvart fyrirtækjum og voru mælanleg markmið sett í fjárhagsáætlun.

Farið var í heimsóknir til fjölda fyrirtækja og tekið var upp á þeirri nýjung að heimsækja skrifstofur stéttarfélaganna í LÍV. Mikil ánægja var með heimsóknirnar og munu þær verða hluti af starfi sjóðsins í framtíðinni.

Ef fjöldi einstaklinga sem sóttu um einstaklingsstyrk til sjóðsins er lagður saman við fjölda sjóðsféлага sem eru á bak við fyrirtækjastyrki má segja að SVS hafi úthlutað styrkjum til u.þ.b. 11.000 sjóðsféлага.

## Iðgjöld og styrkir 2014

Mynd 1



# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

## Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 12 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verslunarmanna. Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja sinna félagsmanna.

- AFL Starfsgreinafélag
- Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri (FVSA)
- Framsýn
- Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest)
- Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)
- Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðsfélag Þórshafnar
- Verslunarmannafélag Skagfirðinga
- Verslunarmannafélag Suðurlands (VMS)
- Verslunarmannafélag Suðurnesja (VS)
- VR

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá 10 af 12 félögum. Heildarútgreiðsla styrkja í ársreikningi nam kr. 348.325.118 og samtala greiðslu styrkja úr tölfraði félaganna sem hér er farið nánar í er að upphæð kr. 347.755.732.

Einstaklingar sem fengu greidda styrki voru 6.777 árið 2014. Þar af voru greiddir styrkir hjá VR 6.031 talsins miðað við 4.907 árið 2013 og því fjölgaði greiddum styrkjum um 23% milli ára.


Meðalupphæð styrkja var kr. 41.623. Meðal styrkupphæð hjá VR árið 2013 var kr. 29.418 en kr. 42.235 árið 2014 og hækkaði um 44% á milli ára. Meðal styrkupphæð hjá LÍV-félögum utan VR var kr. 36.375. Sjá má meðalupphæð styrkja milli félaga á mynd 4.

Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja 2014 var 348.325.118 kr. Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja hjá VR var 316.844.486 kr. árið 2014 en 183.595.840 kr. árið 2013 og hækkaði um 73% milli ára. Yfirlit yfir heildarupphæð greiddra styrkja á milli LÍV-félaga utan VR má sjá á mynd 7.

Aukningu í útgreiðslu styrkja má rekja til breytingar á úthlutunarreglum SVS. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér eldri regluna hjá VR var 1.960 en 4.072 nýttu sér nýju


Fjöldi einstaklinga

Mynd 2




Meðalupphæð styrkja

Mynd 3



Meðalupphæð eftir félögum

Mynd 4



# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

regluna. Upphæðin sem greidd var í styrk til félagsmanna VR vegna eldri reglunnar var kr. 108.060.871, en kr. 208.783.615 vegna nýju reglunnar. Því má segja að tveir þriðju einstaklinga sem sóttu um styrk hafi valið að nota nýju regluna og að tveir þriðju styrkgreiðslna til félagsmanna á árinu hafi verið vegna nýju reglunnar, sjá mynd 6.


Sé horft til aldurs styrkþega árið 2014 er yngri hópurinn duglegastur að sækja styrki; 34 ára og yngri sækja um rétt rúmlega helming styrkja, sjá mynd 8. Ef sú dreifing er borin saman við aldursdreifingu sjóðsfélaga er yngri hópurinn þó duglegri að sækja styrki úr Starfsmennta-sjóðnum. Stærstu upphæðir styrkja eru greiddar til aldurs-hópsins 25 ára til 35 ára.

Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum eins og sjá má á mynd 9, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar eru konur engu að síður duglegri að sækja um styrki úr sjóðnum; því skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn.

Tæplega 95% greiddra einstaklingsstyrkja eru vegna starfstengds náms innanlands og erlendis. Rétt rúmlega 45% styrkja vegna starfstengds náms eru vegna háskólanáms, rúmlega 34% eru vegna óeiningabærs náms og tæplega 20% vegna einingabærs náms. Óeiningabært nám er starfstengd símenntunarnámskeið sem eru ekki metin til framhaldsskólaeininga en verða alltaf að tengjast starfi sjóðsfélaga. Einingabært nám er nám sem er kennt í framhaldsskóla eða hefur verið samþykkt til framhaldsskólaeininga af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.


## Heildarupphæð styrkja

Mynd 5




## Breytingar á úthlutunarreglum

Mynd 6



## Heildarupphæð eftir félögum\*

Mynd 7




\*Að undanskildu VR

# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


Meðalupphæð eftir aldri

Mynd 8




Skipting styrkja 2014

Mynd 10




Hlutdeild kynja eftir aldri

Mynd 9



Tegund náms 2014

Mynd 11



# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

## Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja námu kr. 18.022.872 og er hlutfall þeirra 5% af greiddum styrkjum sjóðsins. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja jókst um 6 milljónir frá árinu áður.

Á árinu var haldið áfram að vinna með stefnumörkun sjóðsins frá 2013 um aukna kynningu á styrkjum til fyrirtækja. Styrkir SVS til fyrirtækja hafa náð samtals til rúmlega 4.800 sjóðsfélaga. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk eða Fræðslustjóra að láni eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsmanna sést á mynd 12.

Dreifing fyrirtækjastyrkja eftir atvinnugreinum sést á mynd 13. Hér er tekið mið af fjölda starfsmanna á bak við styrki og er þá átt við námskeiðsstyrki, fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi og fyrirtæki sem fengu fræðslustjóra að láni. Starfsmenn fyrirtækja sem starfa í heild- og smásöluverslun eru fjölmennasti hópurinn, en fyrirtækjastyrkir sjóðsins hafa náð til u.þ.b. 3.200 starfsmanna í atvinnugreininni.


Alls voru veittir 159 styrkir til fyrirtækja á árinu, sem er um 73% aukning frá árinu á undan. Af þeim voru 143 styrkir veittir til fyrirtækja vegna námskeiðahalds, en það er 83% aukning frá fyrra ári.

Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru níu og fjölgaði um fjögur frá árinu áður. Stefnt er að því að fjölga þeim áfram með heimsóknnum til fyrirtækja, aukinni kynningu og skýrum upplýsingum um umsóknarferlin. Níu fyrirtæki voru á lækkuðu iðgjaldi og greiddu því 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,20%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt u.þ.b. 17 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu tæplega 9 milljónir. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkunin gildir.


Veittir voru sjö styrkir til fyrirtækja sem fengu Fræðslustjóra að láni.

Fjöldi starfsmanna á bak við styrki

Mynd 12




Námskeiðsstyrkir






# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


## Lækkað iðgjald




## Styrkir samtals



## Fræðslustjóri að láni



## Dreifing styrkja eftir atvinnugreinum



# Rekstrarreikningur 2014

	Skýr.	2014	2013
Iðgjöld .....		337.905.754	307.660.817
Úthlutaðir styrkir .....		(366.832.590)	(209.723.720)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(20.768.159)	(17.786.643)
Innheimtukostnaður .....		(8.136.929)	(7.407.846)
Sérverkefni, kynningarstarf .....		(1.255.602)	(65.039)
<b>(Rekstrartap), rekstrarhagnaður</b>		<u>(59.087.526)</u>	<u>72.677.569</u>
Fjármunatekjur .....		21.950.531	25.628.170
Fjármagnsgjöld .....		(18.382)	(1.662)
Fjármagnstekjuskattur .....		(3.557.349)	(4.421.093)
<b>(Tap), hagnaður ársins</b>		<u><u>(40.712.726)</u></u>	<u><u>93.882.984</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31. 12. 2014</b>	<b>31. 12. 2013</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Verðbréfasafn .....		251.677.710	161.203.358
Viðskiptakröfur .....		10.918.862	14.006.196
Aðrar skammtímakröfur .....		52.064	0
Handbært fé .....		242.244.913	369.034.072
<b>Eignir</b>		<u>504.893.913</u>	<u>544.243.626</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		498.386.850	539.099.576
Eigið fé		<u>498.386.850</u>	<u>539.099.576</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		1.295.337	538.540
Aðrar skammtímaskuldir .....		5.211.362	4.605.510
Skuldir		<u>6.506.699</u>	<u>5.144.050</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>504.893.549</u>	<u>544.243.626</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Innborguð iðgjöld .....		329.768.825	300.252.971
Greiddir styrkir .....		(366.832.590)	(209.723.720)
Greiddur kostnaður .....		(22.023.762)	(17.851.682)
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta		<u>(59.087.526)</u>	<u>72.677.569</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun .....		3.035.270	2.938.262
Rekstartengdar skuldir, hækkun .....		1.362.649	4.968.297
Handbært fé frá rekstri án vaxta		<u>(54.689.607)</u>	<u>80.584.128</u>
Innborgaðir vextir .....		9.235.648	14.424.956
Greiddir vextir .....		(18.382)	(1.662)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>(45.472.341)</u>	<u>95.007.422</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		(81.316.818)	0
Innborgað á verðbréfasafn .....		<u>(81.316.818)</u>	<u>0</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(126.789.159)	95.007.422
Handbært fé í upphafi árs .....		369.034.072	274.026.650
Handbært fé í lok árs .....		<u>242.034.913</u>	<u>369.034.072</u>







